

215.fundur - 13.nóvember 2003

Endurrit fundargerðar hreppsnefndar Reykhólahrepps frá 13. nóvember 2003

Til fundarins var boðað með svofelldri dagskrá:

- 1) Fundargerð Brunamála- og almannavarnanefndar frá 16. október 2003
- 2) Tillaga frá starfshópi um hlunnindasýningu um skiptingu fjárveitingar úr ríkissjóði til sýningarinnar
- 3) Nöfn á samkomuhús/mjólkurstöð og tillaga sveitarstjóra um að hlunnindasýning verði tekin niður veturinn 2003-2004
- 4) Kynningarfundir um sérstakt átak í sameiningu sveitarfélaga, bréf frá verkefnisstjórn átakans (tilkynning)
- 5) Erindi frá Leið ehf um Arnkötludalsveg (var lagt fram til kynningar á októberfundi hreppsnefndar)
- 6) 41. fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð (tilkynning)
- 7) Brunavarnir í Reykhólaskóla, bréf frá EBI (tilkynning)
- 8) Bættur aðbúnaður á tjaldstæðum, bréf frá "Ægisklúbbnum"
- 9) Vegagerð um Gufudalssveit, bréf Vegagerðarinnar dagsett 9.okt. 2003
- 10) Umsóknir úr framkvæmdasjóði fatlaðra, bréf frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum (tilkynning)
- 11) Bréf til stjórnar Barmahlíðar frá Aðalsteini Valdimarssyni, Hveragerði
- 12) Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 17.okt.2003 (tilkynning)
- 13) Yfirlit yfir greiðslur framlaga vegna fasteignaskattsjöfnunar árið 2003 (tilkynning frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga)
- 14) Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum (lokatillögur vinnuhóps)
- 15) Erindi frá Alnæmissamtökunum á Íslandi (ósk um fjárstuðning)

Mættir allir aðalmenn nema Egill Sigurgeirsson. Í hans stað mætir Rebekka Eiríksdóttir. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Önnur mál

Frá sveitarstjóra:

- a) Viðhald á félagsheimilinu Vogalandi
- b) 42. fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð
- c) Ósk um kaup á fartölvu, bréf frá byggingarfulltrúa
- d) Yfirlit yfir framlög Reykhólahrepps úr jöfnunarsjóði
- e) Kynning á kaupsamningi og makaskiptasamningi vegna Mjólkurbúshúss og Suðurbrautar 1, Reykhólum
- Frá oddvita:
- f) Tillaga um íbúafund um fjárhagsáætlun

Þetta gerðist:

- 1) Fundargerð Brunamála- og almannavarnanefndar frá 16. október 2003. Samþykkt. Hreppsnefnd leggur áherzlu á að fá a.m.k. árlega skýrslu um störf slökkviliðsins.
- 2) Tillaga frá starfshópi um hlunnindasýningu um skiptingu fjárveitingar úr ríkissjóði til sýningarinnar. Sveitarstjóri lagði til þá breytingu að liðurinn "uppbygging aðstöðu fyrir gesti sýningar" yrði 0,5 milljónir og nýr liður "aðkeypt ráðgjöf" yrði 0,5 milljónir. Samþykkt.
- 3) Nöfn á samkomuhús/mjólkurstöð og tillaga sveitarstjóra um að hlunnindasýning verði tekin niður veturinn 2003-2004. Nafnaákvörðun frestað en ákveðið að taka sýninguna niður yfir veturinn.
- 4) Kynningarfundir um sérstakt átak í sameiningu sveitarfélaga, bréf frá verkefnisstjóra átakans (tilkynning)
- 5) Erindi frá Leið ehf um Arnkötludalsveg. Reykhólahreppur tekur jákvætt í erindið og fagnar framtaki Leiðar ehf, svo framarlega sem þessi framkvæmd raski ekki áætlun um uppbyggingu vegar frá Bjarkalundi í Flókalund sem unnið er að samkvæmt gildandi vegaáætlun.
- 6) Tvær fundargerðir Breiðafjarðarnefndar (ákveðið að ræða þær báðar saman).
- 7) Brunavarnir í Reykhólaskóla, bréf frá EBI (tilkynning)
- 8) Bættur aðbúnaður á tjaldstæðum, bréf frá Ægisklúbbnum
- 9) Vegagerð um Gufudalssveit, bréf frá Vegagerðinni dags. 9. október 2003. Sveitarstjóri falið að svara bréfinu.
- 10) Umsókn úr framkvæmdastjóði fatlaðra. Vísað til stjórnar Barmahlíðar.
- 11) Bréf til stjórnar Barmahlíðar frá Aðalsteini Valdimarssyni. Vísað til stjórnar Barmahlíðar.
- 12) Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 17. október 2003 (tilkynning). Fjárhagsáætlun samþykkt. Einnig breytingar á gjaldskrá. Athygli vekur þó mikil hækkun kostnaðar á milli ára.
- 13) Yfirlit yfir greiðslur framlaga vegna fasteignaskattsjöfnunar árið 2003 (tilkynning frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga).
- 14) Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum (lokatillögur vinnuhóps). Vísað til mennta- og menningarmálanefndar.
- 15) Erindi frá Alnæmissamtökunum á Íslandi (ósk um fjárstuðning). Samþykkt styrkveiting kr. 10.000,-

Önnur mál:

a) Viðhald á félagsheimilinu Vogalandi (bréf frá Kvenfélagi Geiradals). Vísað til fjárhagsáætlunar.

Samþykkt að auglýsa eftir rekstaraðila í næsta fréttabréfi.

b) Ósk um kaup á fartölvu, bréf frá byggingarfulltrúa. Samþykkt.

c) Yfirlit yfir framlög Reykhólahrepps úr jöfnunarsjóði árið 2003 (með samanburði við árið 2002). Fyrir liggur að framlög lækka mikið vegna fólksfækkunar.

d) Kynning á kaupsamningi og makaskiptasamningi vegna Mjólkurbúshúss og Suðurbrautar 1. Gústaf Jökull benti á að í makaskiptasamningnum þyrfti að breyta 2.gr. þannig að afhendingartími yrði 1. marz 2004. Samþykkt að öðru leyti.

e) Tillaga um íbúafund um fjárhagsáætlun. Málfríður oddviti sagði þörf á svona fundi þar sem bygging íþróttahúss yrði einnig rædd. Enn fremur að hreppsnefnd fundaði með starfsmönnum hreppsins.

Samþykkt. Stefnt að fundi í Reykhólaskóla 19. nóvember og að stjórn Barmahlíðar fundaði 2. desember með starfsfólki Barmahlíðar.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 19:30

Málfríður Vilbergsdóttir

Gústaf Jökull Ólafsson Þórður Jónsson

Rebekka Eiríksdóttir

Bjarki Stefán Jónsson

Einar Örn Thorlacius (ritar)